# „Viljinn“.

Lestrarfjelagsblað Miklabæjarsóknar.

XIV. árg. | Litladal, 12. febrúar 1923. | 6. tbl.

## Sauðfjársýningar og fl.

Það hafa verið haldnar sýningar
á hrútum hjer í hreppnum, undan-
farin ár, þó ekki á hverju ári.
Flestar þær sýningar hafa verið frem-
illa sóttar, líklega fyrir þá ástæðu að
nokkru, að það hafa verið lítil verð-
launin og svo hitt, að menn líta
ekki rjett á þessa framfara við-
leitni. — Við erum oft svo seinir
til að átta okkur á nýbreytninni,
þó það miði til þess að bæta hag
okkar — en það er þó í sjálfu
sjer ekki svo undarlegt, þó menn
vilji athuga hvað eina áður en
farið er annaðhvort að velja eða

hafna, því það getur bæði verið til bóta og líka það gagnstæða.

Þessar hrútasýningar eiga að vera til þess að auka áhuga hjá mönnum með að velja góða hrúta, undan góðum ám, þegar þeir ala þá upp sjálf~~um~~ir, — að hver keppi við annan að eiga sem besta hrúta. En því miður virðist áhuginn fremur lítill hjá fjöldanum, með að bæta sauðfje. Sumum virðist alveg sama hvernig hrúta þeir nota til undaneldis — bara það heiti hrútar. Mín skoðun er sú, að hrútasýningar aðeins, auki ekki þann áhuga hjá mönnum að þeir kosti kapps um, að nota ekki nema valda hrúta til undaneldis. Jeg álít að rjettara væri sporið í framfaraáttina, að jafnhliða hrútasýningunum, væru sýndar ær. Sýningarnar yrðu áreiðanlega betur sóttar. Og væri þá stigið fyrsta



sporið til að hrynda þessu þarfa máli eitthvað áfram.

Það ætti okkur bændunum að vera áhugamál að bæta sauðfjeð, ekki síst fyrir þá ástæðu að afurðir þess ættu að reynast drýgri — og drýgstar á þessum erfiðu tímum.

Það er æði-margt sem þarf að athuga, ef menn ætla að bæta sauðfje, því ekki eru sýningar einhlítar í því efni, þó þær hjálpi mikið til. Það er þá fyrst að hafa sýningar á ám og hrútum árlega og það á hentugum tíma. Um verðlaun getur ekki verið að ræða, því peninga vantar til þess að geta verðlaunað besta fjeð, hvað þá heldur allt, sem á sýninguna kæmi — enda er það ekki nema barnaskapur.

Annað, að nota ekki til undaneldis nema valda hrúta, það er að segja, góða hrúta, undan góðum foreldrum.

Þriðja, að fara vel með fjeð: fóðra það vel, en að ala það að vetrinum, álít jeg sje ekki neinn hagur, fyrir okkur Blöndhlíðinga, vegna þess hvað sumarhagarnir eru ljelegir, þeir samsvara ekki slíku eldi. En jeg býst ef til vill við, að sumum finnist þetta barnaskapur hjá mjer, því einn bóndi hefur sagt: „Meira eldi, gefur meiri afurðir". Þetta getur átt sjer stað og átt við allvíða á landinu — en hjá okkur á það ekki við, nema með ullina — hún verður auðvitað lítið eitt meiri. En þó ullin verði eitthvað meiri, hef jeg nokkurnveginn reynslu fyrir því, að lömbin verða ekki vænni að haustinu og öldu ærnar rýrari.

Eftir þessu verður útkoman svipuð með afurðirnar, en fóðrið verður til muna dýrara á öldu fjenu, og þar kemur halli. Hjer er miðað við — velfóðrað fje og alið fje.



Hjá okkur Blöndhlíðingum álít jeg heppilegast að fóðra fjeð vel, en ekki ala það og því síður fóðra það illa.

Nokkrir menn hafa fengið hrúta austan úr Þingeyjarsýslu, og hefir það misjafnlega reynst. Ekki munu hrútar vera ver fóðraðir hjer, en fyrir austan, en það eru sumarhagarnir sem eru ólíkir. Þessir austan hrútar hafa verið margir hverjir góðir, er þeir hafa komið hingað, en margir vart þekkjanlegir fyrir sömu skepnur, eftir ársdvöl hjer, er það sjáanleg afturför, sem jeg álít stafa mest af ólíkum sumarhögum. Því álít jeg heppilegast fyrir okkur hjer, að ala upp sjálfir hrúta. Þeir sem ekki hafa vel góða foreldra, að ala upp undan, ættu að skifta, við þá sem eiga gott fje, á lömbum að haustlima, með því móti geta þeir bætt fje sitt í framtíð-

inni. Þetta er ein leiðin til að bæta sauðfjeð.

Jeg veit til þess, að fyrir austan er fjeð vigtað, þegar búfjárskoðanir fara fram, enda heyri jeg sagt að það sje víða gert. Þó mun ekki vera vigtað nema nokkrar kindur í húsi. Þetta er auðvitað dálítil fyrirhöfn, en hún margborgar sig með því, að sje t.d. vigtað besta fjeð á hverju heimili, þá fær maður yfirlit yfir eðlisþyngd besta sauðfjárins — ágæta leiðbeining að fara eftir.

Þá er eitthvert þýðingarmesta atriðið að hafa nóg fóður handa fjenu, og öllum skepnum auðvitað, en á því vill oft verða misbrestur, ekki síst ef eitthvað þrengir að með tíðina. Kæmi harður vetur, yrði mestu vandræði. Fóðurskortur all-víða — ef ekki fellir. Það er því fullkomlega athugavert.



Við verðum að finna ráð til þess að tryggja líf skepnanna okkar. Eins og all-flestir hafa sjeð á vetur eftir vetur, nú að undanförnu, hefði voðinn verið vís, ef harðindi hefðu komið.

Mín skoðun er sú, að við ættum að koma upp heyforðabúri. Mynda fjelag, helst sem flestir. Fyrsta skilyrðið er þá það, að fá góðan engjablett.

Jeg býst nú við, að verði skiftar skoðanir um hvernig heppilegast sje að koma því upp. Mjer hafa dottið í hug þrjár leiðir, sem mætti fara.

1. Að fjelagsmenn tækju kaupamann og kaupakonu og ljetu þau heyja einhvern tíma, eftir því sem þörf þætti eða sem fjelagsmenn kæmu sjer saman um

2. Að fjelagsmenn heyjuðu sjálfir

sameiginlega.

3. að hver fjelagsmaður leggi til 2–3 hesta af heyi heimanað frá sjer.

Hver þessara leiða gjöri heppileg-ust, verður að athuga vel.

Fyrsta leiðin verður auðvitað útgjalda mest, en vafninga minnst.

Önnur leiðin getur orðið fyrir-hafnar mikil, ef óheppni væri með tíðina

Þriðja leiðin gæti verið mönnum hægust, en þar gjörði samviskusemi að vera með: Láta ekki nema gott hey og velverkað í forðabúrið, og allir flyttu það samdægurs á staðinn.

Jeg vildi óska, að einhverjir vildu skrifa um þetta mál í „Viljann“, því mjer finnst það þess vert.

Kæru sveitungar mínir! Eigum við ekki að taka höndum saman og koma upp heyforðabúri hjá okkur?

Svo gæti farið að það gjörði til, þess að



forða skepnum okkar frá harðrjetti og hordauða.

Agnar Baldvinsson.

Það er hvorki nýmæli nje stórmæli, sem framanritúð grein flytur, en það er óhætt að segja að hún miðar til eins góðs. Það er aðallega, þar sem hinn heiðraði höf. minnist á heyforðabúrið, sem jeg ætla mjer að bæta dálitlu við. —

Hefði það undur skeð, að einhver athugull bóndi hjer í Skagafirði hefði lifað fleiri aldir, mundi hann hiklaust nú ráða mönnum til að búa sig betur undir veturinn, að því er lýtur að heybirgðum manna. Hann hefði þóttst hafa nóga reynslu til að tala svo.

En við höfum reynsluna samt, þó bóndi þessi sje ekki til.

Hver sá, sem les með athygli: Ár-ferði á Íslandi í þúsund ár, eftir

Þorvald Thoroddsen, hlýtur að hugsa í þessu tilliti fram í tímann.

Allt af hafa komið við og við harðir og fullkomlega alvarlegir vetrar, með mismunandi millibili yfir blessaða landið okkar. Og þeir sem nú eru ungir, geta ekki ímyndað sjer hversu mikið stríð og þrenging fylgir slíkum vetrum. Það væri því ánægjulegt að geta ókvíðinn tekið á móti einum af þessum hörðu vetrum.

Landið okkar er sjerkennilegt fyrir eld og ís. Við vitum það, að eldfjöll geta brunnið út og hætt að gjósa, en ísinn er allt af mikill í Norðurhafinu. Og vegna þess er víst, að harðir vetrar heimsækja okkur enn sem fyrri. Og því mega menn ekki gleyma. — — —

Ásetningur manna hjer í Skagafirði á haustin, er víst engu lakari, en víðast hvar annarsstaðar á landinu. En hann verður hjer


ískyggilegri en víða annarsstaðar, fyrir það, að hestar eru margir og þeim ætlað lítið fóður. — —

Þau eru ekki svo fá orðin heyfordabúrin. Jeg kynntist þremur við Breiðafjörð og var umsjónarmaður við eitt þeirra í tvö ár. Og í vetrivar, kynntist jeg einu í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Öll þessi heyfordabúr reynast vel og almenningi þykir vænt um þau og vill ekki missa þau.

Það er vel hægt, án tilfinnanlegs kostnaðar, að koma í framkvæmd dálitlu heyfordabúri. — — —

Það er vel skiljanlegt, þó menn setji máske nokkuð djarft á hey sín, á þessum aðkreppu tímum, en því meiri ástæða væri til þess að eiga til vara hey, ef hart væri og heyþurð yrði.

B. Bárdal.

# Hart og gott ár.

## Vordagar.

Helkaldur nordanstormur ædir yfir landid og þeytir þokubólstrum yfir fjöll og dali. Loftid er alþakid gráum feldi, sem hindrar sólargeislana ad ná til jardar. Landid er hvítt og kalid. Dætur Ægis eru í hamförum, elta hver adra med alvarlegum ædisgangi upp ad landinu og brotna á hverju sem fyrir verdur. — Fuglarnir bæla sig nidur og reyna leita sjer skjóls hljódir og bjargarvana. Fjenadurinn er raunalegur og flýr í skjólin, þar sem þau eru ad fá. Kuldinn nístir hann, langdreginn og illa haldinn. Ef nokkurt hlje er á hamförum stormsins, reyna blessadar skepnurnar ad sefja hungur sitt, en ekki hafa munn-



arnir annad ad bíta en visin og köld sinustráin.

Fólkid er dauft og dofid. Öll vorverkin ganga hægt. Óblída náttúrunnar lamar þrekid og framkvæmdirnar, og þeir sem finna til med skepnunum sínum, hafa sjúka sál og lídur afar illa.

Þad er líkast sem daudinn sje á ferdinni. Kvídi og daglegt stríd og óvissa, gerir lífid bædi hid ytra og innra dapurt og gledisnautt.

" " " " "
" " " "
" " "

Sólin sendir fjallatindunum fyrstu geislana björtu, sem færast smámsaman nidur fjallahlídarnar, þar til allt landid er klætt í gulllitadan geislaskrúda. Jökullinn grætur gleditárum og lækirnir fara ad hoppa stall af stalli og steypast ofan í gljúfrin, sem bergmála hinn frjálsa og glada

lækjarnið. Fossarnir syngja ljettara en áður. Fuglarnir þreyta hörpu sína, svo loftið ómar af fagnandi söngröddum, er flytja lof og dýrð himni hlýju og björtu sólar uppkomu. Árnar vaxa og litast um leið, og landið klæðist blómskrúða. — Fjenaðurinn baðar sig í sólskininu, frjálslegur og feitur og bítur fagnandi nýgræðinginn.

Ránardæturnar leika sjer ljett um hafflötinn og keppa hver við aðra að komast að ströndum landsins og leika sjer við fjörusteinana. Hinn sterki stormur sefur, en blíður sunnan andvari hefur völdin þenna dag.

Fólkið vinnur vorverkin með kappi og ánægju í góða veðrinu og getur sjeð og heyrt, alla þessa dýrð.

Agnar Baldvinsson.



# Ráðaþáttur.

— Ef steinolía er ekki góð, er ágætt að hafa salt í olíugeymir lampans. Þá logar betur.

— Það er fljótlegt og kvalalaust að hafa af sjer líkþorn, með því að taka lauk í sundur í þunnar flísar og láta þær liggja í ediki, og setja svo flís yfir líkþornið og skifta nokkrum sinnum um — þá verður líkþornið lint eins og kuldaskinn, sem þá má skafa í burt smátt og smátt.

— Seigt kjöt verður meirt, ef látið er dálítið af ~~ediki í vatnið sem~~ það er soðið í.

— Ef eldhússtrompar eru hlaðnir með útfalli sjávar, en ekki aðfalli — mun ekki verða reykur í eldhúsi.

— Torf mun seigara, sje það rist með gömlu tungli.

— Fje eða skepnur, sem reka þarf til veru í ókunnugt land, skal koma með það í landið, með aðfalli sjávar. Mun það þá una sjer betur.

— Meira blæðir, ef kindin er skorin með útfalli sjávar.

— Skinn af skepnum verður seigara, ef þeim er slátrað með gömlu tungli.

— Eitthvert besta ráðið við snjóbirtu, sem menn fá í augun, er mjólk úr brjóstum kvenna. Verður mjólkin að fara inn í augað.

— Menn sofa betur og dreyma betur, að liggja á hægri hliðina í rúminu.

— Lampakveiki er gott að bleyta í sterku ediki, og þurka þá síðan vel. Það logar betur á þeim og lampinn „ósar" miklu síður.

(Meira síðar).

B. B.



# Gamalt.

## II.

## Aftaka Ingibjargar seku.

Páll Jónsson hjet bóndi á Hofsstöðum í Skagafirði. Hjá honum var í vist kona sú er Ingibjörg hjet. Hún átti barn með vinnumanni nokkrum úr Fljótum. Ól hún barn sitt í dulsmáli og gróf það í mykjuhaug; hafði hún áður vatt peysu sína í bæjarlæknum og vafið um það. Var enginn í vitorði með henni að þessu. Komst þetta ódáðaverk fljótlega upp og var Ingibjörg yfirheyrð af sýslumanni Skagfirðinga, sem þá var Vigfús Scheving á Víðivöllum. Þingaði sýslumaður í máli þessu að Víðivöllum, nær veturnóttum 1788, og var hún dæmd til að klípast og missa síðan handar og höfuðs, og stóð svo mál það að sinni. Var Ingibjörg í gæslu hjá sýslumanni að Víðivöllum.

Á alþingi næsta sumar (1789) var
enn dæmt í máli Ingibjargar; var stad-
festur daudadómur hennar, en eigi
skyldi hún klípast eda missa handar
og gafst henni þad eftir. Sídan skyldi
hún takast af þá um sumarid, því
ei þurftu þá slík mál, svo brýn, ad ganga
til hæstarjettar og sídan enn undir
konungs uppgjöf, sem seinna vard.
Þá var prestur á Miklabæ, Pjetur
Pjetursson, sídar prófastur. Skyldi
hann búa Ingibjörgu undir dauda
hennar; var hún afar-hardlynd og
vettnadi ekkert hverjar fortölur sem
prófastur veitti henni. Orkadi
prestur engu, med ad snúa huga hen-
ar til góds; fjell honum þad allþungt
og er haft eftir honum, ad hann væri
ekki þess verdur ad bera prestshempu,
ef hann gæti ekki snúid huga einnar
afvegaleiddrar manneskju, á rjetta
leid. Leid svo fram ad þeim degi, sem
ákvedid var ad aftaka Ingibjargar



skyldi fara fram. Ad morgni þess
dags, hafdi prestur klædst afar-snemma
og gekk til kirkju. Leid svo til dagmála
ad ekki kom prestur heim. Gekk þá hús-
karl prests til kirkjunnar og fann ad
hún var læst. Fór hann þá ad glugga
einum og leit inn í kirkjuna. Sá hann
hvar prestur lá á knjánum frammi
fyrir altarinu; gekk svo húskarl
heim aftur, ætladi hann ad prestur
muni all-lengi hafa verid á bæn í
kirkjunni. Kom prestur stundu sídar
úr kirkjunni, var hann fámáll mjög
en kvaddi þó heimamenn sína til
fylgdar vid sig til Vídivalla. Fóru þeir
þangad. Var þar mannfjöldi mikill
kominn, því sýslumadur hafdi
stefnt mönnum vídsvegar ad, til
ad vera vid aftökuna. Margir
voru þar sem ætludu ad heilsa
Pjetri presti, en hann gaf sig lítt ad
því, en gekk rakleitt inn í bæ og
spurdi eftir Ingibjörgu. Var honum

sagt að hún sæti í eldhúsi frammi. Fór prestur til hennar þangað; sat hún þar við hlóðirnar og reykti úr pípu. Prestur gekk til Ingibjargar, tók í hönd henni og mælti: „Stöndum upp og göngum hjeðan, því sá er oss svíkur, er í nánd". — Trúðu menn því að svo mikill kraftur hefði fylgt handtaki prests og orðum hans þess-um, að svo væri sem mátt allan drægi af Ingibjörgu og fjell pípan úr munni hennar ofan á gólfið. Varð nú Ingibjörg auðsveip og iðr-andi; sat prestur hjá henni lengi dags, að búa hana undir dauðann.

Var það því á áliðnum degi, að aftakan fór fram. Sýslumaður hafði ákveðið að aftakan skyldi fara fram í hólma þeim, suður og ofan undan Víðivöllum, er Hellu-hólmi var kallaður; nú er hólmi þessi gjöreyddur og eru þar eyrar og far-vegur Hjeraðsvatna, þar sem áður



var hólminn. Öxina til aftök-unnar hafði Scheving fengið að láni hjá Jóni sýslumanni Jakobssyni á Espihóli. Mælt er að Scheving hafi all-mjög umfallist að aftakan fór fram, en þó með stillingu, sem hann var jafnan vanur. — Var nú farið með Ingibjörgu á aftökustaðinn. Hafði hún beðið Pjetur prest að sleppa ekki hendi af sjer, á meðan hún væri á lífi og gerði hann það. Kraup hann niður með henni og hjelt í hönd hennar á meðan hún var höggvin. Hjó hana maður sá er Þorleifur hjet, Andrjesson, og tókst það greiðlega. Var höfuð Ingibjargar sett á háa stöng eða staur, þar í hólm-anum, og var það þar lengi síðan.

Mun þetta vera sú síðasta aftaka sem fram hefir farið í Skagafirði. Rúmum 40 árum síðar, voru þau Friðrik og Agnes höggvin í Vatnsdals-hólum. Var það síðasta aftaka í

í Húnaþingi. —

(Ad sumu eftir gódum heimildum, en sumt eftir munnmælum).

S. J.

# Helgafell.

Snæfellsnesfjallgardur liggur til hafs sunnan Breidafjardar og er Snæfellsjökull vestast á honum eda vestur vid sjó. Undir honum ad nordan er Sandur (ádur Sandur undir jökli) og Ólafsvík. Þar er Ingjaldshóll og þar er Rif, sem Björn bóndi var er drepinn var, og haft eftir konu hans: „ad ekki skal syrgja Björn bónda, heldur hefna hans." Stutta bæjarleid inn frá Ólafsvík, er Fródá, sem Fródárundrin voru.

Umhverfis jökulinn hid nedra, er einlæg hraun, bædi nordan og sunnan. Stutt vestan vid Sand er Öndverdarnes, þar er blossaviti, og mjög merkilegur gamall hla-



dinn brunnur. Þar er búd, en er þó hrjóstugt, en stutt á fiskimid. Öndverdarnes er vestasti tanginn sunnan Breidafjardar; þá fer ad beygjast sudur med Jöklinum og sudur á Faxaflóann.

Höldum nú frá Öndverdarnesi og um stund sudur hid nedra, sunnan vid Jökul. Fyrst förum vid yfir háa hraunþakta bakka, med óslitandi klettum ad framan, med gjótum og skorum og hellum sem sjórinn endalaust brýtur inn í bergid. Er þar ad kalla aldrei hreyfingarlaus sjór. Eru klettabakkar þessir beint á móti vesturhafinu og eru mjög skuggalegir. Þad eru

Svörtuloft,

sem mörg skip fórust vid ádur fyrri. Nú er þar blossaviti.

Svo sunnar koma Víkurnar og er Dritvík nafnkennd. Þar var hid mikla fiskiver. Þar eru enn

4 sjóbarnir kartöflumyndadir steinar, sem ad kalla hvergi er hægt ad góma. Þegar sjómannalífid var sem gladast í Dritvík þreyttu ungir menn aflraunir sínar á þessum steinum. Stallur er þar í hrauninu í víkinni, sem mjer tók undir hönd, og þar eru steinarnir og heita:

| | |
|---|---|
| Fullsterkur | 310 pund |
| Hálfsterkur | 280 — |
| Hálfdrættingur | 98 — |
| Amlódi | 46 —. |

Þessum steinum átti ad koma upp á stallinn.

Árid 1763 voru í Dritvík 35 formenn fyrir skipum, og 274 hásetar.

Nú höldum vid enn áfram.

Stutt er ad Einarslóni, þar er lóní. Þar er viti og þá byrjar Faxaflói. Þar stutt frá eru hinir nafnkunnu Lónsdrangar vid sjó fram. Það eru tveir



turnmyndadir háir steinstrókar.

Þar sunnar er Laugarbrekka, þar sem Axlar-Björn var tekinn af lífi. Sú mikla jörd er nú í eydi. — Þar næst er Hellnaplássid, nokkrir bæir. Það er hjerumbil á móti Ólafsvík. Þar uppi hæst í fjalli, er Sönghellir, allur útskorinn med mannanöfn og ártöl, því þar er móberg. Hellirinn er ekki stór en all-merkilegur. Bergmálar í honum ef talad er. Á milli Hellna og Ólafsvíkur er vegur sydst yfir Jökulinn. Hann fór jeg einu sinni.

Þá er næst Stapi, þar bjó fadir Steingr. skálds Thorsteinssonar. Þar sunnar eru Búdir. Þar var kaupstadur til forna. — Svo höldum vid áfram, yfir endilanga Breidavík og sudur í Stadarsveit. Þar er Stadastadur eda Stadur á Ölduhrygg.

Nokkru sunnar en Stadarstadur, er Hjardarfell, á móti Stykkishólmi. Þangad liggur póstvegurinn frá Borgarnesi. Nú förum vid frá Hjardarfelli og nordur yfir fjallgardinn í skardi því, sem heitir Kerlingarskard, sem dregur nafn sitt af háum steindranga, sem er nordast á skardinu og heitir Kerling. Og komum nidur í Helgafellssveitina. Sjáum allbreitt nes ganga nordur í Breidafjördinn og förum ofan í þad. Þad er Þórsnes. Í því midju er Helgafell, en fremst á því vid sjóinn, er Stykkishólmur.

Þrír vogar skera sig inn í Þórsnesid. Álftafjördur gengur sudur úr Breidafirdinum austan vid Þórsnesid og úr honum gengur vogur í vestur, nefndur í Eyrbyggju Vigrafjördur en nú Sauravogur. Svo



gengur annar andspænis honum ad vestan, heitir Hofstadavogur. Eiginlegt Þórsnes er fyrir nedan (eda nordan) þessa tvo voga. Og loks gengur þridji vogurinn framan í (eda nordan í) Þórsnesid, lítinn spöl austan vid Stykkishólm, og upp eftir midju nesinu og er sá lengstur og heitir Nesvogur. Ofan med honum er farid landvegurinn til Stykkishólms. Á þessum vogum er mikid af álftum.

3 vötn eru í Þórsnesi, en jardlag er þannig, ad hálsar og hólar klappir eru um allt, og holt og flóar í milli.

Allir kannast vid Þórólf Mostrarskegg. Hann trúdi á Þór og átti líkingu af honum í sínu hofi, á eynni Mostur. En þegar ~~hann~~ tók sig upp þadan, til ad fara til Íslands sem landnámsmadur, tók hann Þór sinn med sjer og

líka moldina undan stallanum, þar er Þór hafði á setið. Hann tók ofan hof- ið og hafði með sjer flesta viðu úr því. Síðan siglir hann til Íslands og kemur sunnan að landinu og siglir vestur fyrir Reykjanes. Þá kastaði hann út öndvegissúlum sínum, en á annari var Þór útskorinn. Hann mælti svo fyrir, að hann skyldi þar byggja á Ís- landi, sem Þór ljeti þær á land koma.

Hann sá að straumur bindi þeim vestur lengra og inn á vestari fjörð- inn. Þá kom hægstæð gola og siglir hann inn á fjörðinn. Þeir sjá að fjörð- urinn er ákaflega breiður og langur, og nefndi Þórólfur fjörðinn Breiðafjörð.

Hann tók land fyrir sunnan fjörðinn, nær miðjum, og lagði skipið á vog þann er þeir kölluðu Hofsvog síðan.

Fundu síðan á nesi fremst að norð- anmegin vogsins, Þór rekinn með súlurnar. Þá var nesið nefnt Þórsnes.



Hann nam þar land og í kring, og reisti mikinn bæ, við voginn innst og nefndi hann Hofstaði. Hann ljet líka reisa þar mikið hof.

Þórólfur sá sjerstakt fjall standa á miðju nesinu austanverðu. Hann felldi átrúnað mikinn á fjallið og mælti svo um, „að þangað skyldi enginn maður óþveginn líta“. Og fjallið bæri að skoðað sem helgan stað. Þetta fjall kallaði hann Helgafell. Og víst er það, að nokkurskonar helgi og átrúnaður hefur haldist við á Helgafelli, allt fram til þessa dags.

Helgafell er í sjálfu sjer merkilegt: Það stendur alveg sjer, er all-stórt um sig, hátt með standbergi að norðan og austan, en grasgeirar í klettana á hina vegu og hægt að ganga þar upp á fellið, en er bratt. Að sjá það að norðaust-

an er það líkazt Drangey, í lögun, þegar hún sjest af Bæjarklettum.

Bárinn stendur sunnan í fells-rótunum og er vatn með dálitlum hólma í, fyrir neðan túnið. Á leið heim úr þessum hólma, er sagt að einn Helgafellsprestur hafi drukknað. Og hár klettur rís upp úr sjó í Helgafellseyjum, en sem þó er all-grösugur á einn veg, er sagt, að þar hafi prestsdóttir frá Helgafelli eittsinn verið að raka, og hrapað niður og beðið bana. Þessi klettur heitir Stóristapi.

Munnmæla saga er það, þegar klaustrið var í Helgafelli, hafi munkarnir borið út börn sem þeir áttu með konum í klaustrinu, og drekkt þeim í vatninu. Og hafi barnsbein mörg sjest löngu síð-ar hingað og þangað í botninum.

— — — Upp á háfellinu er grjótbyrgi afar gamalt að sjá og



er sagt, að það sje byrgi Snorra goða. Þegar hann var í Helga-felli og þurfti vel að hugsa mál sín, er sagt hann hafi ávallt far-ið upp á fellið og tekið þar ákvörð-un sína. — —

Gröf Guðrúnar Ósvífursdóttur er rjett norðan við kirkjugarðinn og snýr öfugt við almennar graf-ir. Það er stórt leiði og því hef-ir æfinlega verið sómi sýndur — hlaðið upp við og við. Um síð-astliðin aldamót, gróf enskur fornfræðingur upp leiði Guðrúnar og fann þar part af talnabandi og lítilsháttar annað. En svo segir ~~ta~~ sagan: að Guðrún hafi orðið fyrsta nunna á Íslandi. Og þá verður talna-bandið eða fundur þess, skiljanlegur. — Sagt er, að munkarnir, þegar klaustrið var í Helgafelli, hafi á hverjum degi gengið upp á fellið, ef ekki hamlaði veður.

Síra Sæmundur Magnússon Hólm, var all-lengi prestur í Helgafelli. Var hann sjerkennilegur mjög og margar skrítnar sögur sagdar um hann.

Hann hafdi sýnt fellinu æfinlega mikla virdingu, þó hann fremur hrottalegur væri hid ytra. Adeins skal jeg skjóta því hjer inn í, um, Sæmund Hólm, ad hann hafdi verid afbragds söngmadur, röddin feikna-mikil og fögur líka. Sagt er, þegar hann söng yfir í Helgafellskirkju-gardi, hafi heyrst til hans þegar hann söng, inn ad Narfeyri í hljódbæru vedri, en þad er hjer um bil eins langt og frá Ökrum út ad Frastastödum. — — —

Helgafell, er eitt af þeim stöd-um, sem manni getur ekki leidst á. Audvitad koma ad manni stundir í lífinu, sem byrgja svo mjög allt umhverfi, ad madur nýt-ur ei neins af því fagra og



skemmtilega — og þá er sama hvar madurinn er.

Þad er afar-einkennilegt í Helga-felli. Hver klettaborg, hver hæd og nærri ad segja hver einasti blettur, minnir mann á söguleg vid-burdi frá fyrri tímum. En hjer er enginn tími nje rúm, ad skýra frá því. Eitt er víst, hafi huldu-fólk verid til, þá hefir þad átt þar heima. Og einkennilegt er þad, ad Helgafellsfólk, sem er eins menntad og vituit sem annad fólk hjer á landi — hefur undantekningar-laust huldufólkstrú eda rjettara sagt, trúir á huldufólk. Sagdi þad mjer margar sögur þar ad lút-andi.

Jeg var í Helgafelli árid 1904-5, og þad var á gamlaárskvöld, sem jeg bad Jónas bónda ad lofa okkur nokkrum piltum, ad gera brennu uppi á fellinu, sem vid vorum bún-

ir að undirbúa. En bóndi, sem var sjerstaklega böngóður maður, bað okkur fyrir alla hluti fram, að gera það ekki: „Það gæti ónáðað Fellsbúa“! —

Þegar síra Sigurður Gunnarsson, kom sem prestur í fyrsta sinn, austan úr Fljótsdalshjeraði til Stykkishólms, lá vegurinn þá ofan svo nefnd Munkaskörð og ofan hjá bænum Helgafelli og suður og austur og síðan vestur með fellinu. Veður var alveg kyrt, en þegar prestur ríður vestur með fellinu að norðan, kemur allt í einu vindhviða og feykir hattinum af presti. Sagði síra Sigurður svo frá: „að hann liti svo á, að Fellsbúar hefðu viljað að hann sýndi þeim virðingu, með því að taka ofan fyrir þeim“! —

Á gamlaárskvöld 1909, fórum við mörg saman úr Stykkishólmi, á aftansöng upp að Helgafelli.



Veður var stillt, auð jörð, en tunglsljóslaust og myrkur því mikið, því þykkur var himinn. Þegar við komum vel hálfa leið, sje jeg fagurt ljós vestan í Helgafellinu — eins og það hefði verið borið fyrir tvær stórar dyr. Jeg spyr fólkið, hvort það sjái ekki ljósið; en enginn þóttist hafa sjeð það. Síðan sje jeg það aftur og nú enn lengur og betur en áður, og segi við fólkið, að nú hljóti það að sjá ljósið — og bendi því þangað sem ljósið var. En enginn getur sjeð það nema jeg. — Og þegar við komum að Helgafelli, samfærðumst við um það, að um ekkert ljós gat verið að ræða frá heimamönnum þar, í þessu sambandi. — —

Þessar sögur hefi jeg sett hjer að gamni mínu, af því þær viðkoma fellinu. En einkum þó fyrir það, að þær eru sannar.

Allt fram ad styrjöldinni miklu, var mikill ferdamanna straumur um Þórsnes. Og allir þóttust þurfa ad koma ad Helgafelli og ganga upp á fellid — og óska sjer þriggja óska. Þetta voru bædi innlendir menn og útlendir. Man jeg vel eftir einni danskri frú, afar-feitri. Hún gapti af mædi, þá hún var komin upp á fellid, en sagdist aldrei hafa sjed fegurra, en ad sjá þadan yfir Breidafjardareyjar. En þá var vedur skínandi bjart og stillt.

Þad hefur allt af fram á þenna dag, haldist sá trúarsidur, ad í fyrsta sinn sem madur gengur upp á Helgafell, megi hann óska sjer þriggja óska. Og þad gerdu flestir. Adferdin er þessi:

Ganga hiklaust upp á fellid og tala ekki ord og líta aldrei til baka, ganga upp ad byrgi Snorra goda, snúa sjer þar í austur og



Bidjast þar fyrir.

Jónas bóndi í Helgafelli sagdi mjer, ad sjer hefdi svo greinilega farid ad óskum sínum, og hid sama sögdu margir fleiri vid Breidafjörd. — —

Ad svo mæltu kved jeg Helgafell, sem mjer er ógleymanlegt.

B. Bárdal.

# Sumarkvöld.

Kvedid á Oddeyri seint í ágúst 1921.

Ó, sumarkvöld!
Þín sólartjöld,
þau sálu mína fanga.
Jeg fljúga vil —
en vart mig skil
og veit ei hvert mig langar.

B. Bárdal.

# Skjalda.

(Samsetningur eftir karl á Vesturlandi).

Jeg gleymi því aldrei þegar jeg hendings sveifladist ofan fyrir sjálfan mig og datt á miðja náttúruna og meiddi mig daginn sem Skjalda beiddist og jeg varð að sækja nauttarfinn og Jón með handa kýrinni en hún klofhentist á hliðina og nauttarfurinn þar ofan á og Jón þar ofan á og jeg þar ofan á en kýrin fjekk og fór inn í fjósið og Margrjet sagði hún hefði beiðslast vel og kálfurinn kom aftur úr henni löngu seinna og það er þessi kú sem þú sjer alveg eins og mömmukýrin með hvíta slettu fyrir ofan sig að framan en síra Sveinn vill fala kýrina en jeg held á móti. —

B. B.

Ritstjóri: Agnar Baldvinsson.

# Gangur „Viljans“.

| | Kom. | Fór. |
|---|---|---|
| Djúpadal | 23/2 | 24/2 |
| Litladal | 24/2 | 24/2 |
| Stóru-Ökrum | | 3/3 |
| Höskuldsstöðum | 3. mars | 5. mars |
| Miðhúsum | 5./3 | 7./3 |
| Þorleifsstöðum | 7.-3 | 8.-3. |
| Vaglagerði | 8.-3. | 9.-3 |
| Vöglum | 9-3 | 9-3. |
| Hrólfsstöðum | 9.-3. | 11.-3 |
| Miklabæ | 11-3. | 14. mars |
| Víðivöllum | 14. mars | |
| Miðsitju | | |
| Sólheimum | 20 mars | 22 |
| Sólheimagerði | 22 mars | 28 mars |
| Ulfsstöðum | | |